

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. nóvember 2007 02-2007100327  
T-ums 14/07

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/111*  
*komudagur 7.11.2007*

**Umsögn um frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð -  
128. mál, þskj. 129.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 23. október 2007 móttengið bréf yðar dagsett 22. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð.

Í athugasemdum við ofangreint frumvarp kemur fram að tilgangurinn með því sé að búa Hagstofu Íslands og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll. Með lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var Hagstofa Íslands lögð niður sem ráðuneyti frá og með árslokum 2007. Gert er ráð fyrir í 17. gr. frumvarpsins að lög um Hagstofu Íslands nr. 24/1913, lög um hagfræðiskýrslur nr. 29/1895, lög um viðauka við lög nr. 29/1895, um hagfræðiskýrslur, nr. 64/1934 og lög um launavísitölu nr. 89/1989 falli úr gildi.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ítarleg ákvæði um gagnaöflun Hagstofunnar og koma þar fram í 5. gr. almennar heimildir Hagstofu til að krefjast upplýsinga. Kveðið er á um skyldu stjórnvalda, ríkisstofnana og sveitarfélaga til upplýsingagjafar og samráðs um öflun gagna í 6. gr. Þá er í 7. gr. frumvarpsins kveðið á um skyldu fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri til upplýsingagjafa. Ennfremur kemur fram í 9. gr. að Hagstofu sé heimilt að samkeyra eigin skrár og skrár frá öðrum aðilum með upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila á grundvelli kennitölu eða annars auðkennis.

Í athugasemdum við II. kafla frumvarpsins segir meðal annars að löng hefð sé fyrir því að hagnýta stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar og sé það gert ýmist á grundvelli hinnar almennu heimildar Hagstofu til gagnaöflunar eða byggt á sérstökum lagaákvæðum þar að lútandi. Einnig kemur fram að þessi aðferð til öflunar gagna sé afar mikilvæg í litlum ríkjum og hún sé sérstaklega brýn hér á landi vegna smæðar þjóðfélagsins og mikils kostnaðar af því að afla upplýsinga með könnunum og fyrirspurnum meðal fyrirtækja og almennings.

Að mati ríkisskattstjóra er hér verið að leggja ríkari skyldur á herðar stjórnvalda og ríkisstofnanir til upplýsingagjafar og til samráðs en fyrir er mælt í núgildandi lögum um Hagstofu Íslands og hagskýrslugerð hennar. Gæta verður varúðar í þessu tilliti og huga vel að persónuvernd, sem verður æ mikilvægari eftir því sem söfnun upplýsinga og samkeyrslur

skráa verða umfangsmeiri. Einnig er mikilvægt að höfð séu í heiðri þau grundvallarsjónarmið sem lágu að baki upphaflegum skyldum til upplýsingagjafar t.d. til skattýfirvalda þegar önnur stjórnvöld áskilja sér aðgang að upplýsingum sem þessum.

Skattýfirvöld hafa samkvæmt lögum ríkan rétt til að krefjast upplýsinga um tekjur og efnahag einstaklinga og lögaðila. Jafnframt hvílir á skattýfirvöldum rík þagnarskylda, sbr. t.d. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og er bannað, að viðlagðri ábyrgð, eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þau komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Í 2. mgr. 117. gr. kemur fram undantekning frá meginreglunni um þagnarskyldu þar sem kveðið er sérstaklega á um að skattýfirvöld skuli gefa Hagstofu Íslands skýrslur, í því formi er hún ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð Hagstofu. Ríkisskattstjóri telur að framangreint sérákvæði 2. mgr. 117. gr. myndi ganga framar almennum ákvæðum II. kafla þess frumvarps sem nú hefur verið lagt fram enda eru ekki lagðar til breytingar á því ákvæði í frumvarpinu. Samkvæmt þessu yrði upplýsingagjöf skattýfirvalda til Hagstofu sem fyrir grundvölluð á þeim hóflega ramma sem 2. mgr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, setur en ekki fyrirhuguðum almennum ákvæðum sem fram koma í frumvarpinu um tilætluð réttindi og skyldur stofnana gagnvart upplýsingaöflun Hagstofu Íslands.

Þá er það álit ríkisskattstjóra að ekki sé nægjanlega skýrt í frumvarpinu hver eigi að bera þann aukakostnað sem mögulega gæti hlotist af þeim breytingum eða viðbótum sem Hagstofa hugsanlega færir fram á að gerðar yrðu á skráargerð stjórnvalda sbr. 2. másl. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins eða þeim viðbótarupplýsingum sem Hagstofa hefur heimild til að krefjast sbr. 2. másl. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Almennt verður að gjalda varhug við að lagðar séu víðtækar kvaðir á stjórnvöld um að uppbygging hugbúnaðar og upplýsingakerfis miðist fremur við sérsniðnar þarfir utanaðkomandi þriðja aðila í stað þess að eigandi kerfisins hafi frjálsar hendur við að leita hagkvæmustu úrræða við kaup á þeim hugbúnaði sem hentar starfseminni og samrýmist fjárveitingum hverju sinni. Stofnanir sem hafa með höndum eftirlit með stjórnslunni s.s. Ríkisendurskoðun og Umboðsmaður Alþingis hafa almenna heimild til að kalla eftir upplýsingum frá ríki og sveitarfélögum. Yfirleitt hafa stofnanir þessar gætt meðalhófs við öflun upplýsinga á grundvelli almennt orðaðar heimilda og verður því ekki séð þörf Hagstofunnar til að brjóta hér blað með því að setja sig skör ofar öðrum með sjálfðæmi um innri málefni stofnanna í upplýsingaöflun sinni auk þess að hnykket sé á "og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður". Felja verður að afhendinga upplýsinga á milli opinberra aðila hljóti að byggjast á aðstæðum hverju sinni og annað óraunhæft eða lítt við hæfi, enda búa flestar stofnanir við árstíðabundið álag við framkvæmd lögbundinna verkefna sem eðli máls samkvæmt verða að hafa forgang.

Að öðru leyti hefur ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið að svo komnu máli, en mun að sjálfsögðu veita frekari umsögn á síðari stigum verði þess óskað.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir